

Sp.

519. Fyrirspurn

[290. mál]

til fjármálaráðherra um áfengissölubúðir.

Frá Helga Seljan.

1. Hvert er álit fjármálaráðherra á yfirlýsingum forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um að fyrirtækið muni taka upp þann hátt að selja áfengi í almennum verslunum?
2. Telur ráðherra slíkt samræmast anda áfengislaga?
3. Sé svo, mun ráðherra þá stuðla að þeirri breytingu á áfengismálastefnu sem í því felst að leyfa áfengissölu í almennum verslunum þar sem seld er nauðsynjavara og þar sem börn og unglingar koma tíðum, bæði með foreldrum og án fylgdar þeirra?